

Fundargerð 3. fundar stjórnar Sprotasjóðs 2011-2012

Fundurinn var haldinn, 8. júní. 2011. Mætt voru á fund í mennta- og menningarmálaráðuneytinu: Sigurjón Mýrdal, formaður stjórnar Sprotasjóðs, Rósa Gunnarsdóttir, Svandís Ingimundardóttir, Finnur Friðriksson, Björg Bjarnadóttir, ásamt Sigrúnu Vésteinsdóttur, verkefnisstjóra Sprotasjóðs.

Sigurjón Mýrdal var fundarstjóri og setti fundinn kl. 9:30. Sigrún Vésteinsdóttir var ritari fundar. Ræddir voru eftirfarandi fundarliðir:

1) Staða verkefna sem hlotið hafa styrk úr Sprotasjóði. Skil á áfanga- og lokaskýrslum.

Umsýsluaðili kynnti fyrir stjórn, stöðu þeirra verkefna sem hlotið hafa styrk úr Sprotasjóði og var farið yfir skil þessara verkefna á áfanga- og lokaskýrslum.

Almennt hafa skil á skýrslum verkefna staðist tímaáætlanir samkvæmt samningum Sprotasjóðs við styrkþega. Þó eru einstaka undantekningar á því og mun formaður sjóðsins og umsýsluaðili setja sig í samband við forsvarsmenn þeirra verkefna sem ekki hafa haldið áætlun. Á síðasta fundi Sprotasjóðs ákvað stjórnin að eftirfarandi ákvæði skyldi vera sett inn í samning við styrkþega: *Vitja skal styrksins innan 6 mánaða frá dagsetningu samnings, að öðrum kosti fellur hann niður*

2) Lokaskýrslur verkefna.

Stjórn sjóðsins fór yfir og mat þær lokaskýrslur sem sjóðnum hafa borist með tilliti til þeirra leiðbeininga sem sjóðurinn hefur sett upp fyrir styrkþega til að fara eftir við gerð lokaskýrslu. Telur stjórnin að uppfæra þurfi leiðbeiningar um lokaskýrslu og að í því sambandi þurfi að hafa í huga hverjir það eru sem vilja nýta sér lokaskýrslur og hvernig þær geti sem best nýst t.d öðrum skólum og fagfólki í skólakerfinu. Upplýsa þarf skóla og sveitarfélög með markvissari hætti um lokaskýrslur vegna verkefna sem hljóta styrki og leggja áherslu á að styrkþegar kynni skólasamfélaginu niðurstöður þeirra. Þá væri gagnlegt, þegar úthlutun hefur verið ákveðin, að upplýsa með ítarlegri hætti um þau verkefni en nú er gert.

Ákveðið var að umsýsluaðili ásamt Rósu Gunnarsdóttur, myndu sjá um að uppfæra þær leiðbeiningar sem til eru varðandi uppsetningu og efnistöð í lokaskýrslum.

3) Önnur mál:

Rætt var um hlutverk sjóðsins og hvernig mætti nýta og vinna úr þeim upplýsingum sem verða til við störf sjóðsins. Á þessu ári mun sjóðurinn ljúka sínu 3. úthlutunartímabili og mun umsýsluaðili því taka saman ýmsar yfirlitsupplýsingar um sjóðinn og starfsemi hans á þessum tíma. Þar má t.d nefna samantek á rekstarreikningi verkefna o.fl. Þannig getur stjórn sjóðsins haft betri yfirsýn yfir þau verkefni sem sjóðurinn er að styrkja og hvernig þau eru að nýtast inn í skólakerfinu.

Einnig fór stjórnin yfir það hvernig vinnan á þessu úthlutunartímabili hefði gengið og telur stjórnin að bæta þurfi verulega að aðgengi stjórnar og umsýsluaðila að rafrænum gögnum sjóðsins t.d umsóknum og öðrum gögnum sem tilheyra sjóðnum. Í þessu samhengi vill stjórn sjóðsins senda frá sér eftirfarandi ályktun.

Ályktun: *Stjórn sjóðsins fer fram á það við mennta- og menningarmálaráðuneytið og rekstarfélag stjórnarráðsins að umsýslu á rafrænu upplýsingakerfi verið komið í það form að umsýsluaðili og stjórnarmenn geti haft aðgang að nauðsynlegum upplýsingum sem tengjast sjóðnum.*

Í lok fundar var ákveðið að stjórn sjóðsins og umsýsluaðili myndu hittast aftur í september og þá yrði farið yfir ýmsar yfirlitstölur fyrir starfsemi sjóðsins ásamt því að leggja drög að næsta starfsári.

Fundi slitið 11:30